

Tillaga	A 2001/UVU
Flytjandi	Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

A 2001/UVU þingmannatillaga flokkahóps miðjumanna um AdBlue-lausnir

Flokkahópur miðjumanna leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna

að grípa til aðgerða til að innleiða fleiri frostþolnar AdBlue-lausnir

Flokkahópur miðjumanna leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að gefa út sameiginlega yfirlýsingu til framkvæmdastjórnar ESB um AdBlue-lausnir sem eru óhentugar fyrir vetrarskilyrði á Norðurlöndum

Bakgrunnur

AdBlue-lausnin er notuð til að minnka losun frá dísilvélum sem búnar eru SCR-tækni. AdBlue-lausnin er lausn úrefnis og vatns sem breytir skaðlegu köfnunarefni úr útblæstri dísilknúins ökutækis í skaðlaust köfnunarefni og vatnsgufu.

AdBlue-kerfið hefur verið skyldugt í nýjum dísilbifreiðum frá árinu 2015. Skyldan var lögð á tíu árum fyrir fyrir þungaumferð. AdBlue-lausnir eru notaðar í fólksbílum, þungaumferð, jarð- og skógarvinnsluvélum og járnbrautaumferð.

Veturnir norðast í Evrópu eru oft of kaldir fyrir þær AdBlue-lausnir sem nú eru notaðar í Evrópusambandinu. Við höfum endurtekið upplifað löng og samfelld tímabil með mjög lágum hitastigum, þegar AdBlue-lausnir hafa frosið þrátt fyrir hitunarkerfin, sem veldur töluverðu tjóni bæði fyrir fyrirtæki og einstaklinga í umferðinni.

Vélar með SRC-tækni nota einungis AdBlue-lausnir sem uppfylla ISO-22241-staðalinn. Samkvæmt staðlinum er stöðluð samsetning AdBlue-lausna 32,5% úrefni og 67,55% vatn, sem þolir allt að -11°C hitastig.

Óvissan um AdBlue-lausnir sem eru of viðkvæmar fyrir frosti hefur aukið ólöglega losun þegar farið er hjá SRC-kerfum á ýmsa vegu. SRC-kerfið og AdBlue-lausnirnar hafa þó gert kleift að uppfylla kröfur evrópsku losunarflokkana.



Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins viðurkennir ekki að gildandi staðlar um AdBlue-lausnir fullnægi ekki norrænum vetrarskilyrðum. Framkvæmdastjórn hefur lýst yfir áhuga á að fá frekari upplýsingar og upplýsingar um möguleg vandamál. Flokkahópur miðjumanna leggur til að Norræna ráðherranefndin gefi út sameiginlega yfirlýsingu til framkvæmdastjórnarinnar um óhentugleika AdBlue-lausna fyrir vetrarskilyrði á Norðurlöndum og veiti þannig þær upplýsingar sem framkvæmdastjórnin óskar eftir.

Maríuhöfn, 16. september 2024

*Markku Siponen
Kathrine Kleveland
Emma Berginger
Heidi Greni
Jouni Ovaska
Anna Starbrink
Catarina Deremar
Ola Elvestuen*

*Krista Mikkonen
Guðmundur Ingi Kristinsson
Johan Dahl
Eva Biaudet
Liz Mattsson
Kjell-Arne Ottosson
Sandra Listerby
Lars-Christian Brask*